

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 14. maí 2024

Mál nr. E-662/2023:

Arnar Grétarsson

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

gegn

Knattspyrnufélagi Akureyrar

(Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta sem dómtekið var 16. apríl sl. höfðaði Arnar Grétarsson kt. [...], [...], Kópavogi, með stefnu birtri 11. desember 2023, á hendur Knattspyrnufélagi Akureyrar, kt. [...], [...], [...], Akureyri.
- Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði dæmt til greiðslu skuldar vegna ógreiddra launa og orlofs að fjárhæð 13.569.088 krónur auk 4% iðgjalds í lífeyrissjóði og 4% iðgjalds í séreignalífeyrissjóð, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. október 2023 til greiðsludags.
Til vara krefst stefnandi að stefnda verði dæmt til greiðslu fjárkröfu að fjárhæð EUR 85.000 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. október 2023 til greiðsludags.
Til þrautavara krefst stefnandi að stefnda verði dæmt til greiðslu fjárkröfu að fjárhæð EUR 58.399 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. október 2023 til greiðsludags.
Loks krefst stefnandi málskostnaðar.
- Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá krefst stefnda málskostnaðar.

Málsatvik

- Á miðju sumri 2020 kom stefnandi til starfa sem aðalþjálfari meistaraflokks KA í knattspyrnu samkvæmt tímabundnum ráðningarsamningi. Gerðu aðilar með sér nýjan samning 23. september 2021 er gildi til 31. október 2022. Í máli þessu er deilt um eftirfarandi niðurlagsákvæði samningsins: „Tryggi KA sér þátttökurétt fær þjálfari sem nemur 10% af allri þeirri fjárhæð sem félag fær greitt frá UEFA vegna þátttöku í Evrópukeppni. Þetta á eingöngu við það fjármagn sem er vegna leikjanna, en nær ekki til ferðagreiðslna eða þeirra greiðslna sem eru óháðar leikjum í Evrópukeppni.“
- Keppnistímabilið 2022 hafnaði KA í 2. sæti Bestu deildar karla í knattspyrnu, sem var besti árangur félagsins síðan það varð Íslandsmeistari í efstu deild árið 1989. Árangurinn tryggði félaginu sæti í Evrópukeppninni 2023.

- 6 Stefnandi stýrði KA í síðasta skipti þann 17. september 2022 gegn Val, en um var að ræða lokaleik hefðbundinnar deildarkeppni þar sem leiknir voru 22 leikir. Að lokinni 22. umferð var stefnandi settur einhliða í leyfi af hálfu stefnda áður en úrslitakeppni á milli sex efstu liðanna hófst, þar sem hvert lið lék fimm leiki. Ástæða leyfisins var sú að stefnandi hafði þá tekið upp viðræður um að ganga til samninga við annað lið. Var KA þá ásamt Víkingi í 2.-3. sæti deildarinnar með 43 stig og 11 stiga forskot á næsta lið, Val. Eftir úrslitakeppnina var KA með 53 stig en KR, sem endaði í 4. sæti og þar með utan Evrópukeppni, var með 38 stig.
- 7 Evrópukeppnin er með útsláttarfyrirkomulagi, en stefnda komst áfram í þriðju umferð áður en félagið féll úr keppni. Námu greiðslur til stefnda vegna þátttöku í keppninni árið 2023 samtals EUR 850.000, þ.e. greiddar voru EUR 100.000 fyrir hverja umferð og EUR 550.000 fyrir að komast í þriðju umferð.
- 8 Þann 22. ágúst 2023 krafði lögmaður stefnanda, Sævar Pétursson, framkvæmdastjóra stefnda, í tölvupósti um greiðslu EUR 85.000 til stefnanda á þeim grunni að niðurlagsákvæði samningsins tæki til „allra greiðslna“ vegna þátttöku í Evrópukeppninni. Lagði hann til að sendur yrði reikningur fyrir fjárhæðinni, enda væri það einfaldast og ódýrara fyrir stefnda, heldur en að greiða launagreiðslu sem næmi kröfu stefnanda enda kæmu þá einnig til önnur launatengd gjöld. Viðbrögð bárust ekki við póstinum fyrr en eftir ítrekaðar tilraunir að stefnda hafnaði kröfunni.
- 9 Sendi stefnandi innheimtubréf 5. október 2023. Svar barst frá lögmanni stefnda 10. október 2023 þar sem kröfu stefnanda var hafnað á þeim grunni að orðalag niðurlagsákvæðis samningsins ætti eingöngu við þegar þjálfari væri raunverulega að stýra liðinu þegar árangur næðist. Stefnandi hafi ekki stýrt stefnda í þeim fimm leikjum er leiknir voru í úrslitakeppni Bestu deildarinnar, sem að mati félagsins hafi m.a. ráðið úrslitum um það hvaða lið tryggðu sér þátttökurétt í Evrópukeppni. Þá hafi stefnandi ekki átt þátt í því að liðið komst alla leið í þriðju umferð Sambandsdeildarinnar sumarið 2023. Bauð stefnda stefnanda greiðslu miðað við að félagið hafi unnið sér rétt til þátttöku í fyrstu umferð Evrópukeppninnar á meðan samningur aðila var enn í gildi. Var því hafnað af hálfu stefnanda.

Málsástæður stefnanda

- 10 Stefnandi kveðst byggja *aðalkröfu* sína á því að hann hafi verið launamaður hjá stefnda samkvæmt samningi aðila, sem hafi verið ráðningarsamningur. Hafi stefnandi í þessu sambandi verið skuldbundinn stefnda, lotið boðvaldi félagsins og hagað vinnu sinni eftir óskum þess. Í gagngjald fyrir starfið hafi hann fengið greidd laun og launatengdar greiðslur, orlof og lífeyrisgreiðslur. Árangurstengdar greiðslur samkvæmt samningi aðila leggist ofan á reglubundin laun miðað við tiltekinn árangur, eins og tíðkist stundum í ráðningarsamningum. Að mati stefnanda sé krafa hans launakrafa, en ekki almenn fjárfrafa. Gildi almennar reglur vinnuréttar um kröfuna og lög um orlof nr. 30/1987.
- 11 Stefnandi telji samning aðila skýran um rétt hans til 10% árangursgreiðslu af allri þeirri fjárhæð sem stefnda hafi fengið greitt frá UEFA vegna þátttöku stefnda í

Evrópukeppninni 2023. Allur hugsanlegur vafi um efni samningsins skuli skýrður stefnda í óhag, þar sem félagið hafi samið samninginn. Þá sé stefnandi launamaður, en stefnda vinnuveitandi og leiði það jafnframt til þess að skýra beri vafa stefnanda í hag.

- 12 Krafa stefnanda samsvari 10% af EUR 850.000, þ.e. EUR 85.000. Þar sem stefnandi hafi verið launamaður hjá stefnda og fengið laun sín greidd í íslenskum krónum telji stefnandi rétt að færa kröfu sína yfir í íslenskar krónur.
- 13 Ógreidd laun stefnanda nemi samtals 12.316.500 krónum sem svari til EUR 85.000 miðað við opinbert gengi Seðlabanka Íslands 29. september 2023 sem hafi verið síðasti dagur þess mánaðar sem viðmiðunargengi var gefið út. Gengi evru þann dag hafi verið 144,90 krónur. Þá beri að bæta 10,17% greiðslu orlofs við samkvæmt lögum um orlof nr. 30/1987 enda bætist slík laun við eftir á og óheimilt sé að víkja frá því.
- 14 Fjárhæð ógreiddra launa og orlofs nemi því samtals 13.569.088 krónum sem sé aðalkrafa stefnanda. Þá sé gerð krafa um greiðslu í lífeyrissjóð sem nemi 4% fjárhæðarinnar í almennan lífeyrissjóð og 4% í séreignalífeyrissjóð líkt og aðrar launagreiðslur sem greiddar hafi verið stefnanda. Þá sé gerð krafa um dráttarvexti ofan á fjárhæðina frá 1. október 2023 til greiðsludags enda hafi þá allar launakröfur stefnanda gjaldfallið í síðasta lagi. Miðað sé við þann dag enda hafi allar greiðslur frá UEFA þá sannanlega borist stefnda en stefnandi telji raunar að stór hluti hafi verið greiddur nokkru fyrr.
- 15 *Varakröfu* sína kveðst stefnandi byggja á því að krafa hans sé almenn fjárfkrafa, en ekki launakrafa. Krafan sé því ekki umreiknuð yfir í íslenskar krónur eins og launakrafa stefnanda í aðalkröfu málsins. Kröfuna byggir stefnandi á almennum meginreglum samningaréttar um að samninga beri að efna réttilega samkvæmt efni sínu. Þannig hafi stofnast kröfuréttarleg skuldbinding stefnda til að greiða stefnanda EUR 85.000 sem sé 10% af öllum greiðslum sem stefnda fékk frá UEFA vegna þátttöku í Evrópukeppninni 2023, líkt og greini í samningi.
- 16 Að öllu öðru leyti sé byggt á sömu málsástæðum og aðalkrafa byggja á.
- 17 *Þrautavarakröfu* kveður stefnandi byggja á sömu forsendum að öðru leyti en því að ferðakostnaður samkvæmt framlagðri kostnaðarsundurliðun stefnda dragist frá heildargreiðslunni frá UEFA áður en 10% hluti stefnanda sé reiknaður. Kostnaðurinn sé umreiknaður í evrur miðað við gengið 144,90, sem sé sama viðmiðunargengi og í aðalkröfu.
- 18 Um lagarök vísar stefnandi einkum til meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi samninga og meginreglu kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga.

Málsástæður stefnda

- 19 Sýknukröfu sína kveðst stefnda einkum byggja á því að kröfur stefnanda byggist á ósanngjörnum rangtúlkunum á ákvæði samnings aðila um árangurstengdar greiðslur.
- 20 Stefnandi hafi ekki stjórnað liðinu er það hafi unnið sér rétt til þátttöku í Evrópukeppninni. Stefnandi hafi komist að munnlegu samkomulagi við Val í september 2022 um að taka við þjálfun og stjórn liðs meistaraflokks karla í knattspyrnu. Á sama

tíma hafi KA verið í beinni samkeppni við Val um að tryggja sér þátttökurétt í Evrópukeppni. Verði þetta að teljast brot á trúnaðar- og tillitskyldu sem verði leidd af samningssambandi aðila auk þess sem stefnandi hafi reynt að fá lykilleikmenn- og starfsfólk stefnda með sér til Vals. Við þessar aðstæður hafi stefnda ekki talið samrýmast trúnaðar- og ábyrgðarstörfum stefnanda sem þjálfara KA að hann stýrði liðinu áfram. Á þessum aðstæðum hafi stefnandi borið ábyrgð. Hafi því verið tekin ákvörðun um að stefnandi myndi ekki stýra liðinu í úrslitakeppninni, heldur annar þjálfari, Hallgrímur Jónasson. Hafi hann upp frá því verið þjálfari liðsins samkvæmt almennum skilningi sem leggja verði í það orð. Enginn vafi sé á því að þegar stefnandi hafi verið leystur undan starfsskyldum sem þjálfari liðsins hafi knattspyrnulið stefnda ekki verið búið að tryggja sér þátttökurétt í Evrópukeppni og stefnandi því ekki áunnið sér rétt til árangurstengdra greiðslna. Stefnandi hafi hins vegar haldið launagreiðslum samkvæmt samkomulagi aðila til loka umsamins samningstíma 31. október 2022.

- 21 Við túlkun á hinu umþrætta ákvæði verði að hafa í huga að markmið þess sé bersýnilega að vera fjárhagslegur hvati til þjálfara að leggja enn frekar á sig og stýra liðinu til árangurs. Þannig verði að leggja þann skilning í orðið „þjálfari“ samkvæmt ákvæðinu, að hann þurfi í raun réttari að fara með stjórn og þjálfun liðsins, þegar viðkomandi árangri er náð. Stefnandi geti aldrei átt rétt til greiðslna sem orðið hafi til eftir að samningssambandi aðila lauk.
- 22 Stefnanda hafni því að stefnandi eigi „launakröfu“ á hendur stefnda enda skuldi stefnda stefnanda engin laun. Órökstutt sé hvernig krafa stefnanda geti verið launakrafa. Þá sé aðalkrafa stefnanda haldin slíkum annmörkum að óhjákvæmilegt sé að henni verði vísað frá dómi ex officio enda krafan ekki dómtæk í þeim búningi sem hún er í, samkvæmt ákvæði d. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Krafast sé ákveðinnar fjárhæðar „auk 4% í almennan lífeyrissjóð og 4% í séreignarlífeyrissjóð“ en hvergi í stefnu sé að finna útreikninga á því hver endanleg krafa stefnanda sé samkvæmt aðalkröfu hans.
- 23 Um sé að ræða kröfu um endurgjald til stefnanda vegna árangurs liðsins, en ekki vinnulaunakröfu. Ef sú staða hefði verið uppi að krafan hefði komið til greiðslu hefði aldrei komið til þess að hún hefði verið greidd út sem laun. Stefnanda byggir á því að stefnandi hafi sjálfur viðurkennt þetta, sbr. tölvupósta lögmanns hans sem liggja fyrir í málinu.
- 24 Því sé mótmælt að stefnda hafi verið í yfirburðastöðu gagnvart stefnanda við samningsgerðina. Stefnandi sé viðskiptafræðimenntaður og hafi mikla reynslu af þjálfun og stjórnun knattspyrnuliða víða um heim frá árinu 2009, auk þess að hafa sjálfur verið atvinnumaður í knattspyrnu. Þeir sem komið hafi að samningagerð af hálfu stefnda hafi ekki haft sérfræðipækkingu á samningagerð þótt þeir kunni að hafa gert samninga áður við þjálfara og leikmenn. Fremur halli á stefnda en stefnanda í þessum efnum.
- 25 Í úrslitakeppni Íslandsmótsins hafi hvert lið mest getað náð 15 stigum. Af því leiði að Valur, sem hafi fyrir úrslitakeppnina verið í 4. sæti með 32 stig, átt raunhæfa möguleika á að komast upp fyrir bæði KA og Víking sem voru með 43 stig, og því hafi ekkert verið

fast í hendi áður en úrslitakeppnin hófst. Evrópusætið hafi ekki verið tryggt fyrr en eftir úrslitakeppnina.

- 26 Þá standist ekki að stefnandi geti krafist 10% hlutdeildar í greiðslum vegna þátttöku KA í Evrópukeppni enda komi skýrt fram að draga beri frá greiðslunni allan ferðakostnað sem og allar greiðslur vegna ferðakostnaðar. Túlka beri ákvæðið á þann veg að um sé að ræða hlutdeild í nettó greiðslum KA, þ.e. þeirri fjárhæð sem eftir hafi staðið þegar búið væri að taka tillit til alls kostnaðar. Í samræmi við reglur UEFA um skiptingu greiðslna vegna þátttöku liða í Sambandsdeild Evrópu fái þáttökulið 100.000 EUR í fasta greiðslu (fixed allocation) fyrir hverja umferð og svo fasta greiðslu þegar þau falli úr keppni. Sú tala fari hækkandi eftir því sem lið komist lengra upp stigann og í tilfelli KA, sem fallið hafi úr leik í 3. umferð, hafi sú fjárhæð verið 550.000 EUR.
- 27 Föstu greiðslurnar (fixed allocations) séu greiðslur sem ætlað sé að koma til móts við kostnað þeirra félaga sem taka þátt í Sambandsdeild Evrópu og stefnandi geti því ekki krafist hlutdeildar í þeim greiðslum í samræmi við samning aðila. Greiðslan sé ætluð til að mæta kostnaði liða sem taka þátt í Sambandsdeild Evrópu, t.a.m. vegna ferðakostnaðar. Samningur aðila sé skýr um að komi til greiðslu, nái hún ekki til ferðakostnaðar eða annarra greiðslna en þeirra sem beinlínis séu vegna leikja.
- 28 Að mati stefnda sé þetta augljóst þegar horft er til þess að greiðslur hækki eftir því sem lið komast lengra í keppninni (elimination fee) og því greinilega um að ræða frammistöðutengdar greiðslur. Greiðslur vegna ferðakostnaðar (allocation fee) séu á hinn bóginn þær sömu, óháð því hversu langt liðin komast.
- 29 Framlögð gögn sýni að kostnaður KA af þátttöku í keppninni hafi numið 38.544.857. Draga beri þann kostnað að fullu frá viðmiðunarkröfu stefndanda, komi til þess að hann verði talinn eiga rétt til greiðslu.
- 30 Verði stefnandi talinn eiga einhvern rétt til greiðslna beri jafnframt að líta til þess að þátttökuréttur sem KA tryggði sér áður en samningur félagsins við stefnanda rann út 31. október 2022 hafi einungis náð til þátttöku í 1. umferð Sambandsdeildar Evrópu. Fyrir þátttöku í 1. umferð keppninnar hafi félagið fengið 150.000 EUR sem að mestu leyti hafi runnið í kostnað. Stefnandi hafi ekki lengur verið þjálfari liðsins þegar það hafi unnið sér rétt til þátttöku í 2. og 3. umferð keppninnar. Óeðlilegt sé að réttur hans geti náð til greiðslna fyrir þátttöku í þessum umferðum.
- 31 Að öðru leyti kveðst stefnda byggja varakröfu á sömu málsástæðum aðalkröfu.
- 32 Stefnda byggir á því að víkja beri hinu umþrætta ákvæði til hliðar eða breyta með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 með tilliti til atvika. Stefnandi sé sérfræðingur á sviði knattspyrnumála. Hann geti ekki byggt á því að ákvæðið sé eðlilegt og sanngjarnt þegar horft sé til þess hvernig kaupin gerist almennt á eyrinni í þessum efnum. Staða samningsaðila hafi verið í það minnsta jöfn við samningsgerðina.
- 33 Stefnda mótmælir upphafsdegi dráttarvaxta og kveður fyrst koma til greina að reikna dráttarvexti af kröfu stefnanda frá þeim degi er málið var höfðað, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

34 Stefnda byggir á almennum meginreglum samninga- og kröfuréttar um túlkun samninga og þeirrar meginreglu að samningar skuli standa, sbr. lög nr. 7/1936 um samninga, umboð og ógilda löggerninga. Þá er vísað til 36. gr. sömu laga vegna málsástæðna sem tengjast kröfu stefnda um að víkja beri til hliðar eða breyta því ákvæði sem aðilar málsins deila um.

Forsendur og niðurstaða

35 Eins og rakið er að framan deila aðilar um hvernig skýra beri eftirfarandi niðurlagsákvæði samnings þeirra frá 23. september 2021 um ráðningu stefnanda sem þjálfara meistaraflokks karla í knattspyrnu og yfirþjálfara eldri akademíu KA: „*Tryggi KA sér þátttökurétt fær þjálfari sem nemur 10% af allri þeirri fjárhæð sem félag fær greitt frá UEFA vegna þátttöku í Evrópukeppni. Þetta á eingöngu við það fjármagn sem er vegna leikjanna, en nær ekki til ferðagreiðslna eða þeirra greiðslna sem eru óháðar leikjum í Evrópukeppni.*“

36 Í fyrsta lagi deila aðilar um hvort stefnandi hafi verið þjálfari í skilningi ákvæðisins þegar KA vann sér rétt til þátttöku í Evrópukeppninni 2023 með árangri sínum á Íslandsmótinu 2022. Óumdeilt er að stefnandi var samningsbundinn þjálfari félagsins fram yfir lok leiktímabilsins og fékk greidd laun sem slíkur. Á það verður ekki fallist að með einhliða ákvörðun sinni um að afþakka starfskrafta stefnanda í síðustu fimm leikjum tímabilsins hafi stefnda getað fellt niður rétt stefnanda til árangursgreiðslu samkvæmt framangreindu ákvæði. Sjónarmið stefnda um trúnaðarbrætt af hálfu stefnanda í þessu samhengi eru haldlaus að mati dómsins. Ekkert í samningi aðila takmarkaði frelsi stefnanda til þess að bregðast við sýndum áhuga annars félags á starfskröftum hans. Þá viðurkenndi framkvæmdastjóri stefnda að alþekkt væri að íþróttafélög ættu í viðræðum við þjálfara undir lok leiktímabils. Stefnda hafði ekki gengið til viðræðna við stefnanda um framlengingu samnings hans þrátt fyrir að stefnandi hafi gengið eftir því, en á þessu tímamarki hafði stefnandi ekki trygga atvinnu lengur en um rúmlega mánaðar skeið þegar samningur hans við stefnda rynni út, og var stefnda það full ljóst. Stefnandi upplýsti stefnda um að annað félag hefði lýst áhuga á starfskröftum hans og óskaði eftir svörum um hvort stefnda hygðist gera honum tilboð. Á því varð dráttur, sem framkvæmdastjóri stefnda skýrði m.a. með því að kurr hafi verið í stjórnarmönnum stefnda vegna leikbanns sem stefnandi hafi þurft að sæta, og úr varð að stefnandi ákvað að ganga til samninga við knattspyrnufélagið Val, sem hann hafði fulla heimild til. Er það því niðurstaða dómsins að stefnandi hafi verið þjálfari KA í skilningi ákvæðisins þegar félagið tryggði sér þátttökurétt í Evrópukeppninni.

37 Í öðru lagi deila aðilar um hvað átt sé við með orðunum „*fær þjálfari sem nemur 10% af allri þeirri fjárhæð sem félag fær greitt frá UEFA vegna þátttöku í Evrópukeppni.*“ Að mati dómsins er ekkert í orðalagi ákvæðisins sem rennir stöðum undir þann skilning stefnda að rétturinn takmarkist við greiðslur vegna fyrstu umferðar Evrópukeppninnar. Þvert á móti er sérstaklega tekið fram að 10% skuli vera af *allri* þeirri fjárhæð sem félagið fái greitt fyrir þátttöku í keppninni. Verður það ekki skýrt á annan veg en að þar sé átt við heildargreiðslur UEFA til félagsins fyrir þátttöku í keppninni. Hefði það verið ætlun

stefnda að takmarka réttinn við greiðslur vegna fyrstu umferðar hefði félaginu verið í lófa lagið að tilgreina það í samningnum. Verður stefnda, sem ákvæðið stafaði frá samkvæmt vætti framkvæmdastjóra félagsins, að bera hallann af því að hafa ekki tilgreint þennan skilning sinn í samningnum. Eru engin efni til að beita hér 36. gr. laga nr. 6/1936, enda hefur stefnda ekki sýnt fram á að atvik eða aðstæður hafi verið með þeim hætti að á félagið hafi hallað við samningsgerðina eða síðar.

- 38 Í þriðja lagi deila aðilar um hvort stefnanda beri 10% þeirrar 850.000 evra greiðslu sem óumdeilt er að stefnda fékk frá UEFA vegna Evrópukeppninnar 2023 eða hvort draga beri frá greiðslur vegna ferðakostnaðar. Við aðalmeðferð málsins kom fram af hálfu stefnanda og framkvæmdastjóra stefnda að viðræður þeirra um orðalag ákvæðisins hafi fyrst og fremst átt við um það hvernig orða mætti skilmerkilega að greiðslur til stefnanda takmörkuðust við greiðslur vegna leikjanna sjálfra, en næðu ekki til greiðslna vegna ferðakostnaðar. Að mati dómsins er orðalag ákvæðisins skýrt um þann vilja aðila að 10% hlutur stefnanda skyldi einungis reiknast af þeirri fjárhæð sem eftir stæði þegar greiðslur vegna ferðakostnaðar hefðu verið dregnar frá. Af gögnum málsins er ljóst að vegna hvernar umferðar fékk stefnda sérstaklega greiddar 100.000 evrur til þess að standa straum af ferðakostnaði. Í samræmi við orðalag ákvæðisins verður fallist á með stefnda að draga beri þessar greiðslur frá og 10% árangursgreiðsla stefnanda samkvæmt því sé 55.000 evrur. Ekki er ágreiningur með aðilum um að greiðslan umreiknist í íslenskar krónur miðað við opinbert gengi Seðlabanka Íslands 29. september 2023, 144,90 krónur.
- 39 Í fjórða lagi greinir aðila á um hvort krafa stefnanda sé launakrafa eða almenn fjárfrafa. Ágreiningslaut er að stefnandi starfaði sem launamaður hjá stefnda og naut réttinda og bar skyldur sem slíkur. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 30/1987 eiga allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Í 2. mgr. 7. gr. er mælt fyrir um að orlofslaun reiknist við hverja launagreiðslu þannig að af *heildarlaunum* reiknist orlofslaunahlutfall viðkomandi starfsmanns að lágmarki 10,17% miðað við lágmarksorlof. Réttur stefnanda til árangurstengdrar greiðslu samkvæmt niðurlagsákvæði samningsins var umsaminnt hluti af ráðningarkjörum hans hjá stefnda. Standa ekki rök til annars en að líta á greiðsluna sem hluta af heildarlaunum stefnanda í skilningi orlofslaga, sbr. einnig til hliðsjónar gagnályktun af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 401/2010. Verður því fallist á kröfu stefnanda um að 10,17% orlof skuli leggjast ofan á greiðsluna.
- 40 Fallist er á það með stefnda að sá háttur stefnanda að láta við það sitja að tilgreina hlutfall lífeyrisgreiðslna sem hann telur stefnda skulda, en ekki fjárhæð þeirra í krónum, fari í bága við d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Ber að vísa þessum hluta kröfu stefnanda frá dómi án kröfu. Aukinheldur hefur stefnandi ekki gert grein fyrir aðild sinni að kröfu um greiðslu lífeyrisiðgjalda, sem lögum samkvæmt er á hendi lífeyrissjóða að innheimta.

- 41 Samkvæmt framansögðu verður fallist á að stefnda beri að greiða stefnanda 8.779.998 krónur, sem beri dráttarvexti frá 5. nóvember 2023 er mánuður var liðinn frá því stefnandi sannanlega krafði stefnda um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.
- 42 Í samræmi við málsúrslit verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem með hliðsjón af aðdraganda, efni og umfangi málsins og að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmanns stefnanda þykir hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir að teknu tilliti til virðisaukaskatts.
- 43 Af hálfu stefnanda flutti málið Heiðar Ásberg Atlason lögmaður, en Ásgeir Örn Blöndal lögmaður af hálfu stefnda.

Hlynur Jónsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Knattspyrnufélag Akureyrar, kt. [...], greiði stefnanda, Arnari Grétarssyni, 8.779.998 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 5. nóvember 2023 til greiðsludags.

Stefnda greiði stefnanda 2.000.000 krónur í málskostnað.